(№ 318)

# Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Yt. Víðimýri í Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu með hjáleigunni Álptagerði og sínu heimalandi Kirkjuhóli.

Að austan ræður Húseyjarkvísl (Svartá) merkjum frá Kirkjuvaði suður í Skerið (Skipið), er liggur í kvíslinni, þaðan bein stefna yfir Háuborg upp fyrir utan Krithólsstekk í vörðu þá, er stendur á austanverðum Krithólsás, þaðan bein lína í hornmerki það yzt á Löngubrekku, er merkjum ræður milli Krithóls, Kolgrafar og Kirkjuhóls, þaðan bein lína í Stórhól sunnanverðan, þaðan sjónhending í vörðu þá, er stendur sunnan til á miðjum Háahjalla, þaðan bein lína vestur í Víðimýrará í vörðu þá, er stendur austan við ána og liggur í línu þeirri, er gengur frá vörðunni á Háahjalla upp í Nónskálargil ofanvert. Ræður þá Víðimýrará um stund suður að vörðu þeirri, er stendur að austanverðu við ána lítið eitt sunnar en Krithólssel, þaðan bein stefna yfir háhnúkinn sunnan við Nónskál vestur á móts við Nónskálarbrún, þar sem hún gengur lengst til vesturs, þaðan ræður merkjum að vestan bein lína efst í Skriðugil það, er fellur niður austanvert við Háhellufell; þaðan sjónhending yfir Strýtuhól efri í Brúarhól við Sæmundará nær því andspænis Vatnsskarðsbæ; ræður þá Sæmundará merkjum niður að

Gýgjarfossi, frá Gýgjarfossi sjónhending (þjóðveginum) í Arnarstapa, þaðan ræður Víðimýrará alla leið út á móts við garð þann í mýrinni fyrir utan Brekku, er merkjum ræður milli Reykjarhóls og Brekku, þaðan sjónhending eptir settum merkjum niður að Kirkjuvaði á Húseyjarkvísl.

Innan greindra takmarka liggur engjateigur sá, er jörðin Brekka á „niðri á Bökkum frá Kirkjuvaðsbrú suður að merkjagarði þeim, er afmarkar teiginn, hvar stór steinn er upp undan,“ fylgja þar með lágar þar framan í brúninni, sem eru upp undan teignum“

Einnig tilheyrir jörðinni Víðimýri rekaítak í Hvalvík, sem er hálfur viðreki og hálfur hvalreki í Hvalvík frá Hvallæk inn í miðjan Hvalbás, móts við Reynistaðarklaustur.

Víðimýri 26. maím. 1890

J Benediktsson
(eigandi Víðimýrar)

Landamerkjaskrá þessari erum vér samþykkir

Pjetur Pálmason
eigandi Valadals.

Jósafat Guðmundsson
eigandi Krithóls

Árni Eiríksson, sem umboðsmaður Reynistaðar (umb. dómsmálaráðh. Skagafjarðarsýslu)

Jón Ásgrímsson
eigandi Húseyjar.

Ólafur Sigurðsson
eigandi Brekku.

Björn Þorláksson
eigandi Kolgrafar.

J Benediktsson
umráðandi Vatnsskarðs.

verte

Þinglýst á manntalsþingi að Stóru-Seilu 3. júní 1892, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu,

Gjald í landssjóð:
þingl. — 0.75 } 1.00
bókun — 0.25 } (ein króna)

vottar:
Jóh. Ólafsson